Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Síldarútvegsnefnd greinargerðárið 1953, undirrituð af Jóni L. Þórðarsyni.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Síldarútvegsnefnd – Jón L Þórðarson – Söltun – Suðurlandssíld – Rússland – Pólland – Tékkóslóvakía - 1953

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-11, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SÍLDARÚTVEGSNEFND

Söltun Suðurlandssídlar árið 1953 nam 56.297 tunnum.
Útflutningur var sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rússland | 34.231 | tnr. | á 100 kg. |
| Pólland | 13.636 | " | á 110 kg. |
| Tékkóslóvakía | 312 | " | á 100 kg. |

Samtals 48.179.tnr.

Ríkissjóður ábyrgðist saltendum kr. 325/- netto fyrir útflutta tunnu af "cutsíld" til Rússlands og Póllands, viðmiðað 100 kg. netto pr. tunnu, þó aldrei yfir kr. 15/- pr. tunnu að viðbættum sh. 1/5 á hverja tunnu til Rússlands.

Heildargreiðsla ríkissjóðs vegna söltunar sunnanlandssíldar 1953 varð kr. 842.142.74.

Söluverð Suðurlandssíldar f.o.b. 1953 var sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rússland: | £: 7-2-4 pr.tn. | á 100 kg. | ÷(lestunarkostn.) |
| Pólland: | £: 7-15-0 " " | á 110 kg. | |
| Tékkóslóvakía | £: 7-3-9 " " | á 100 kg. | |

Í viðskiptasamningi þeim, sem nú hefur verið gerður við Rússa, er gert ráð fyrir sölu á 15.000 smálestum af saltsíld til Rússlands á næstu tveim árum og er það gengið út frá, að einungis sé um Suðurlandssíld að ræða, þótt ekki sé það tekið sérstaklega fram í samningunum.

Samið hefur verið um sölu 1000 smál. Suðurlandssíldar til Póllands fyrir sama verð og s.l. ár þ.e. £: 7-15-0 pr. tunnu á 110 kg. netto f.o.b.

Ennþá er algjörlega óvíst um hvaða verð fæst fyrir Suðurlandssíld í Rússlandi, en Rússar hafa þó sett fram verðhugmynd £: 6-5-0 pr. tunnu á 100 kg.

Sé gert ráð fyrir, að samninganefndinni takist að þoka verðinu það upp, að ekki verði um meiri verðlækkun að ræða frá fyrra ári en sh. 10/- pr. tunnu eða í £:6-12-4, þyrfti aðstoð ríkissjóðs að vera kr. 41/191 pr. tunnu á síld til Rússlands, en kr. 15/- pr. tunnu á síld til Póllands, hvorttveggja miðað við 100 kg. innihald.

Til samanburðar má geta þess, að Færeyingar hafa nú nýlega gert samninga um sölu á "Íslandssíld" til Rússlands fyrir D. kr. 127/- pr. tunnu á 100 kg. (£:6-11-4), en þar er um að ræða síld sömu stærðar og norðanlands.

DÆMI No. I.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Rússland | 75.000 | tnr. | á kr. 41/191 | kr. | 3.089.325.- |
| Pólland | 10.000 | " | á " 15/- | " | 150.000.- |
| | 85.000 | | | kr. | 3.239.325.- |

Dæmi No. II.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Rússland | 40.000 | tnr. | á kr. 41/191 | kr. | 1.647.640.- |
| Pólland | 10.000 | " | á " 15/- | " | 150.000.- |
| | 50.000 | | | kr. | 1.797.640 |

Þá hafa Tékkar viljað kaupa Suðurlandssíld og var í síðasta viðskiptasamningi gert ráð fyrir 5000 tunna sölu til Tékkóslóvakíu. Tékkar munu ekki fáanlegir til að greiða hærra verð en Rússar. Myndi þá aðstoð ríkissjóðs, ef

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til kæmi, næma kr. 205.955.- vegna 5000 tunna til Tékkóslóvakíu.

Síldarútvegsnefnd

Jón L. Þórðarson (sign.)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kr. 15/-

Sh. 1/5

Sh. 10/1-

= kr. 41.191.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur